

**Nd.**

## **105. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

### **1. gr.**

Á 1. grein laganna verði þessar breytingar:

1. Á eftir skilgreiningu á orðunum „Ós í sjó“ komi:

Þar sem svo hagar til, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum og ós mundi talinn óeðlilega langt inn frá sjó eftir reglunni, getur veiðimálastjóri, að fengnum tillögum veiðimálanefndar, sett annað takmark, og sé það ákvæðið í eitt skipti fyrir öll meðan lögin standa óbreytt.

2. Í orðaskýringarnar bætist í rétttri stafrófsröð:

*All:* Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáli, sem vatnsmestur er.

*Kvísl:* Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr þegar vatnsborð er lægst.

3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:

*Stöðuvatn:* Öll þau vötn ofan ósa, sem ekki er í greinilegur straumur, annar en sá, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

*Straumvötn:* Öll þau vötn ofan ósa, sem í er greinilegur straumur, þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

### **2. gr.**

Fyrsti liður 16. greinar laganna orðist þannig:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Þó er ádráttarveiði eigi heimil eftir 31. ágúst, en stangarveiði getur ráðherra leyft til 20. sept., ef veiðimálastjóri mælir með því.

### **3. gr.**

Síðasti málslíður 20. greinar laganna orðist þannig:

Skirteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskiræktarféлага, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

### **4. gr.**

Aftan við 1. lið 22. greinar laganna bætist:

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

7. gr.

2. liður 30. gr. laganna orðist svo:

Girðingar mega aldrei ná yfir meira en  $\frac{1}{2}$  hluta af breidd árinna og aldrei meira en  $\frac{1}{4}$  hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlinu ár.

8. gr.

Við 2. málsgr. 31. gr. laganna bætist: Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:

Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur vikja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

9. gr.

Upphaf fyrri másl. 33. gr. laganna orðist svo: Nú rennur á eða ós í kvíslum o. s. frv.

10. gr.

Aftan við 1. málsgr. 46. gr. laganna bætist: Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór.

11. gr.

Fyrir „10 ára“ í 64. grein laganna komi: 30 ára.

12. gr.

Fyrir „1.50“ í 1. málsgr. 79. gr. laganna kemur: 2.50.

13. gr.

Aftan við 84. grein laganna bætist ný grein, og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verði þannig:

1. Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrir-muna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 83. gr.

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að  $\frac{1}{2}$  úr ríkissjóði og  $\frac{1}{2}$  úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

14. gr.

Aftan við 91. gr. laganna bætist: Sama gildir um ólöglegt veiðifang.